

Iðunnarfundir 2006-2007

- | | |
|---|---|
| 1. Miðvikudagur 4. október - kvæðalagaæfing. | 8. Föstudagur 5. janúar – fundur, rímnalaganefnd sér um dagskrá. |
| 2. Föstudagur 6. október – kaffifundur, rímnalaganefnd/ferðanefnd sjá um dagskrá. | 9. Miðvikudagur 7. febrúar – kvæðalagaæfing. |
| 3. Miðvikudagur 1. nóvember – kvæðalagaæfing. | 10. Föstudagur 9. febrúar – þorrafundur, vísnanefnd sér um dagskrá. |
| 4. Föstudagur 3. nóvember – fundur, rímnalaganefnd sér um dagskrá. | 11. Miðvikudagur 7. mars – kvæðalagaæfing. |
| 5. Miðvikudagur 6. desember – kvæðalagaæfing. | 12. Föstudagur 9. mars - aðalfundur, stjórnin sér um dagskrá. |
| 6. Föstudagur 8. desember - jólafundur, stjórnin sér um dagskrá. | 13. Miðvikudagur 11. apríl – kvæðalagaæfing. |
| 7. Miðvikudagur 3. janúar - kvæðalagaæfing. | 14. Föstudagur 13. apríl- fundur, dagskrá rímnalaganefndar. |

Allir fundir og kvæðalagaæfingar félagsins hefjast stundvíslega kl. 20.00 og lýkur kl. 22.30.

Hautferð Iðunnar

Þann 9. september heldur Iðunn í haustferð á Njáluslóðir. Leiðsögn annast Iðunnarfélaginn góðkunni Ragnar Böðvarsson. Upphafspunktur þessarar dagsferðar verður við Umferðarmiðstöðina Vatnsmýrarvegi 10 Reykjavík, eigi síðar en klukkan 8.00.

Engum ætti að leiðast í ferðinni enda margt sem glatt gæti augu og eyru í Rangárþingi, þar sem sagan býr í hverri hundapúfu og vel það.

Meðal þess sem vert væri að líta til mætti nefna: Búðarústir á Þingskálum, gamla bæinn á Keldum, Gunnarsstein hvar Hjörtur bróðir Gunnars var felldur, Sögusetrið á Hvolsvelli, Hlíðarenda í Fljótshlíð, Seljalandsfoss og Bergþórshvol. Á milli Hlíðarenda og Kirkjulækjar rekur Iðunnarfélaginn Jón Ólafsson vertshús hvar vert væri að kveða nokkrar stemmur og jafnvel drekka hestaskál til heimferðar.

Skráningu og nánari upplýsingar veitir Helgi í síma **848 2878** eða gegnum netfangið: helgi.zimsen@gmail.com



Kvæðamannafélagið Iðunn Fréttablað

102. tölublað – 27. árg.

Útg: Kvæðamannafélagið Iðunn.

Júlí 2006

Ábm: Steindór Andersen, S. 5 652 652

Nýr fundastaður

Eins og félagsmenn muna var á lokafundum liðins vetrar sagt frá samningstilboði sem Menningarmiðstöðin Gerðuberg gerði félaginu. Stjórn Iðunnar hefur unnið hörðum höndum að því að athuga þá möguleika sem í tilboðinu felast og setið nokkra samningafundi. Niðurstaða liggur nú fyrir og hefur verið ákveðið að ganga til samninga við Gerðuberg. Samkomulagið felur í sér að félagið fær aðstöðu til funda og æfinga endurgjaldslaust og starfsemi þess verður kynnt og auglýst af Gerðubergi ásamt öðru sem þar fer fram. Þá verður bókasafni Iðunnar komið fyrir í Gerðubergi og gert félagsmönnum aðgengilegt. Á móti kemur að Iðunnarfélagar taka að sér að standa fyrir almennum námskeiðum í húsnæði Gerðubergs og kenna þar meðal annars rímnakveðskap og bragfræði.

Segja má að samningur þessi marki ákveðin tímamót í 77 ára sögu Kvæðamannafélagsins Iðunnar; þegar þetta gamla Reykjavíkurfélag fær loks aðstöðu hjá einni af helstu menningarstofnunum borgarinnar. Það er því vel við hæfi að samningur félagsins við Gerðuberg verður undirritaður á afmælisdegi Iðunnar þann 15. september næstkomandi klukkan 16.30.

Iðunnarfélögum öllum og gestum er boðið að koma þá og skoða aðstöðuna í Gerðubergi og þiggja léttar veitingar. Sjálfsagt munu hagarðingar og kvæðamenn Iðunnar nota tækifærið og gleðja gesti og húsráðendur með viðeigandi skemmtiatriðum.

Stjórnin.

Vísur eftir Iðunnarfélaga

Kveðið fyrir Siglfirðinga við Siglfirðingastemmu.

Siglufjörðinn sjáum við söngs og ljóðabæinn, minningana mæta svið myndar helgan daginn.

Bjargey Arnórsdóttir

Siglufjörður.

Hér á fornum frægðarstig fagrar kenndir orna, söngvagyðjan signir þig, síldarbæinn forna.

Jói í Stapa

Áhrínsvísa ort í súld og regni á heimleið.

Ekkert söngnum er um megn, angar blómskrýdd jörðin, Syngum burtu súld og regn en sól í Skagafjörðinn.

Jói í Stapa

Ort undir súð með Sillu fyrir ofan á Bjarnargili í Fljótum.

Staðinn mun ég hafa í heiðri, hér við blóma litum skrud. Áttum nótt í ástarheiðri undir hússins björtu súð.

Hallgrímur Viðar Árnason

Kona var sögð hér um bil mágkona manns.

Eitt er það ég ekki skil, undravert er lífsins spil, varla mun það veita yl að vera giftur hér um bil.

Guðjón Weihe

Höfundur fór í göngu og sá dóttur góðs vinar síns.

Hrundi regnið himni frá er hélt ég út að labba. Lítið barn og sætt ég sá sem á ljótan þabba.

Jón Ingvar Jónsson

Allir hérna sitja í sátt, sjálfsagt rifast ekki. Hér er líka frekar fátt af fólki, sem ég þekki.

Þegar ég er í þagnartraffi þrotlaust falla tár um kinn, en þegar ég fæ að þamba kaffi þá fer gleði um huga minn.

Magnús J. Jóhansson

Krossfesting á Bessastöðum.

Hæstvirtur forseti heiðra kaus og hrósa okkur mikið. Ég er því ekki orðulaus en orðlaus fyrir vikið.

Séra Hjálmar Jónsson

Sigurður dýralæknir krossaður.

Sigurð hinn dýra sómamann sé ég með skart á bringu. Rómaður upp er risinn hann frá riddarakrossfestingu.

Helgi Zimsen

Guðmundur Andri Thorsson hvatti húsasmið sem mætti seint og illa:

Á þig kalla enn eitt sinn þú ert svo snjall að smíða. Vetri hallar vinur minn vinnupallar bíða.

Tónleikar með Sigur Rós

Félagar okkar í hljómsveitinni Sigur Rós vilja bjóða félagsmönnum Iðunnar á tónleika sem verða haldnir á Kirkjubæjarklaustri þriðjudagskvöldið 1. ágúst næstkomandi. Tílefni þessa er að strákarnir vinna nú að nokkurskonar heimildamynd um sjálfa sig og vilja því gjarnan upplýsa veröldina um þau tengsl sem þeir hafa haft við kvæðamenn Iðunnar og félagið.

Farið verður í rútu frá Umferðarmiðstöðinni kl. 13.00 og komið að Klaustri kl. 16.30. Klukkan 20.30 hefst borðhald með þjóðlegum réttum. Iðunnarfélagar munu svo standa fyrir stuttri skemmtidagskrá frá 21.00 til 21.30. Að lokum ætlar Sigur Rós að spila nokkur lög með Steindóri Andersen.

Rútan leggur svo aftur af stað til Reykjavíkur klukkan 23.00. Félagar eru hvattir til að tilkynna sem fyrst um þátttöku í þessari ferð og eins er mælt til þess að þeir sem eiga þjóðbúninga búist þeim á skemmtuninni.

Skráning í ferðina fer fram hjá fararstjóranum, Sigurði dýralækni, í síma 892-1644 og Steindóri í síma 863-7887.

Landsmót hagrýðinga

Árlegt landsmót hagrýðinga verður á Hólmavík laugardaginn 26 ágúst. Mótið er fyrir alla sem áhuga hafa á vísnum og vísnaverð og vilja halda á lofti þessum gamla menningararfi.

Engan svíkur andans þing á ýmsu ríku lumar. Þú hittir slíkan hagrýðing á Hólmavík í sumar.

Allir eru velkomnir hvort sem þeir kjósa að hlusta, yrkja eða flytja eigin kveðskap.

Mótið hefst með borðhaldi kl. 20.00.

Undir borðum munu gestir yrkja, kveðast á og flytja kveðskap.

Heiðursgestur mótsins flytur ávarp.

Gamanmál að hætti Strandamanna.

Kvöldverður: Lambakjöt á vegum Sauðfjársetursins á Ströndum.

Skráning vegna þátttöku og gistingar: **451-3324 / 451-3474** eða netfangið kirkjubol@strandir.is